

# Hverfisráð Kelduhverfis

## 4. fundur, haldinn í Árdal mánudaginn 12. febrúar 2018 kl. 20:00

Mætt eru:

Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Daði Lange Friðriksson

Guðríður Baldvinsdóttir

Salbjörg Matthíasdóttir

Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir

Daði Lange Friðriksson stjórnar fundi og Aðalsteinn Örn Snæþórsson ritar fundagerð.

Dagskrá:

### 1. Sameiginlegur fundur hverfisráða

Rætt var um að hafa sameiginlegan fund hverfisráða í Norðurþingi. Daði er búinn að heyra í formanni hverfisráðs Reykjahverfis. Daða falið að vera í sambandi við formenn hinna hverfisráðanna um fundartíma.

### 2. Akstur leikskólabarna

Hverfisráð Kelduhverfis skorar á sveitarstjórn Norðurþings að setja inn í samninga við skólabilstjóra að leikskólabörn skulu hafa pláss í skólabilunum. Slíkur gjörningur væri mikilvægur stuðningur við brotthætta byggð.

### 3. Heimsókn í byggðarráð.

Daði sagðir frá því að hann fór inn á fund byggðarráðs þann 9. febrúar s.l. og kynnti þar starfsemi hverfisráðs Kelduhverfis.

### 4. Íbúafundur

Ákveðið að hafa næsta íbúafund í október og þá bjóða nýrri sveitarstjórn til fundarins til að kynna málefni sveitarinnar.

### 5. Flokkun sorps í Kelduhverfi

Á íbúafundi í haust kom upp mikill áhugi á flokkun sorps. Ekki hefur enn frést af neinni vinnu í þá veru. Hverfisráð áformar að senda bréf til sveitarstjóra til að fá svör um hver staðan er í þeim málum. Eins vill hverfisráð hvetja íbúa Kelduhverfis að íhuga moltugerð til að draga úr því sorpmagni sem fellur til.

### 6. Staða ljósleiðaramála í Kelduhverfi

Ekkert hefur enn frést af stöðu mála um ljósleiðaravæðingu Kelduhverfis. Hverfisráð áformar að senda bréf til sveitarstjóra til að fá svör um hver staðan er í þeim málum.

### 7. Vatnsveitur í Kelduhverfi

Hverfisráð óskar eftir því við sveitarstjórn Norðurþings að hún geri úttekt á ástandi og heilnæmi neysluvatns í Kelduhverfi.

AS  
SM

DLP  
SM  
S.S.

Hverfisráð hefur heyrt ávinning af því að einhverjir aðilar séu óánægðir með vatnsveitumál hjá Lindinni. Hverfisráðið vill beina þeim tilmælum til viðkomandi að snúa sér beint til stjórnar vatnsveitufélagsins Lindarinnar um úrlausn sinna mála.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:40

Matthæim Örn Snæþórs  
Guðundur Baldvinsdóttir  
Þigurðr Höf Þorinbjörnsdóttir  
Dadri Larsi Friðriksson  
Salbjörg Matthíasd.